

Heiti smiðju: Boccia

Dagur: þriðjudagur og miðvikudagur

Tími: kl. 8:30-10:00

Staður/stofa: í Gryfjunni

Nemendafjöldi: 16

Markmið/stutt lýsing: Nemendur læra Boccia-reglurnar og heyra líka um sögu og stöðu boccia í heiminum. Þeir spila einnig Boccia samkvæmt reglunum sem þeir lærðu áður.

Kennslugögn/undirbúningur/kostnaður: Nemendur sem taka þátt í boccia á Gróskudögum MÍ þurfa hvorki að koma með kennslugögn né með sérstök íþróttaföt eða annan búnað. Í Gryfjunni er leikvöllur límdur á gólfið. Kennarinn kemur með kúluset.

Kennari/leiðbeinandi:

Stefan Gunther

Heiti smiðju: Eðlis- og efnafræðitilraunir

Dagur: þriðjudagur og miðvikudagur

Tími: Fyrsta smiðja báða morgna. (Ekki sömu nemendur báða dagana)

Staður/stofa: 15 og 16

Nemendafjöldi: Hámark 10-20 nemendur

Markmið/stutt lýsing: Eðlis- og efnafræðitilraunir.

Nemendur byrja á því að fylgjast með spennandi tilraunum hjá stjórnendum smiðju. Að því loknu fá nemendur tækifæri að framkvæma efnafræðitilraun(ir) undir leiðsögn kennaranna. Sömu tilraunir verða gerðar í báðum smiðjum.

Kennari/leiðbeinandi: Dóróthea

Heiti smiðju: **Borðspil**

Dagur: Þriðjudagur

Tími: Fyrir hádegi - bæði smiðjutímabilin

Staður/stofa: stofa 5

Nemendafjöldi: Hámark 40 í hvorum hópi

Markmið/stutt lýsing: Í þessari smiðju geta nemendur prófað að spila ýmiss konar borðspil að eigin vali. Á staðnum verða ólík spil úr fórum umsjónarmanns. Einnig er nemendum frjálst að koma með önnur spil sem þeir hafa áhuga á að spila.

Kennari/leiðbeinandi: Sólrún Geirsdóttir

Heiti smiðju: Félagsvist

Dagur: Þriðjudagur

Tími: Eftir hádegi

Staður/stofa: stofa 5

Nemendafjöldi: Hámark 36

Markmið/stutt lýsing: Í smiðjunni verður spiluð félagsvist á fjögurra manna borðum eftir ákveðnu kerfi. Ekki þarf að kunna að spila vist til að vera með. Spilaðar verða 12 umferðir.

Kennari/leiðbeinandi: Sólrún Geirsdóttir

Heiti smiðju: Púsl

Dagur: Miðvikudagur

Tími: Fyrir hádegi - bæði smiðjutímabilin

Staður/stofa: stofa 5

Nemendafjöldi: Hámark 12 í hvorum hópi

Markmið/stutt lýsing: Í smiðjunni verður glímt við að púsla Wasgij púsl

Kennari/leiðbeinandi: Sólrún Geirsdóttir

Heiti smiðju: Fjölbreytileiki uppistands

Dagur: Þriðjudagur og miðvikudagur

Tími: 10:30 – 12:00

Staður/stofa: stofa 4

Nemendafjöldi: Hámark 40 nem.

Markmið/stutt lýsing: Í smiðjunni verður glímt við að púsla Wasgij púsl

Nemendafjöldi: 20-30

Markmið/stutt lýsing: farið verður yfir mismunandi tegundir af uppistandi og að lokum verður horft á eina slíka sýningu

Kennslugögn/undirbúningur/kostnaður: Fartölva og skjávarpi

Kennari/leiðbeinandi: Kristján Sigurðsson

Heiti smiðju: *Masteraðu listina að kareóka! Kareoke smiðja með diskópema.*

Dagur: Miðvikudagur

Tími: 10:30 – 12:00

Staður/stofa: stofa 1

Nemendafjöldi: Hámark 30

Markmið/stutt lýsing:Hvernig á að hegða sér á svokölluðum kareokebörum? Hvernig á að lesa í salinn, velja lög, líkamsstöðu og hreyfingar þegar komið er að sjálfu atriðinu. Smiðjan byrjar á stuttri kynningu þar sem farið verður yfir þessi grunnatriði og að kynningu lokinni verður slegið til kareoke-keppni með veglegum verðlanum í boði Innu og Hamraborgar.

Kennslugögn/undirbúningur/kostnaður: Hljóðkerfi, skjávarpi og tölvuskjár, fé til verðlaunakaupa.

Kennari/leiðbeinandi: Gunnar Jónsson og Björg Sveinbjörnsdóttir

Heiti smiðju: Ljósmyndamaráðun

Dagur: Þriðjudagur og miðvikudagur

Tími: öll smiðjutímabilin

Staður/stofa: stofa 12

Nemendafjöldi: ótakmarkaður fjöldi nem.

Markmið/stutt lýsing:

Í þessari smiðju fá nemendur lista með titlum af ljósmyndum. Þeir eiga að taka myndir sem passa við hvern titil. Markmiðið er að taka flotta mynd sem tengist vel titlinum. Aðeins má skila inn einni mynd fyrir hvern titil.

Nemendur geta unnið 1-3 saman.

Nemendur birta myndir sínar á facebook hópi fyrir ljósmyndamaráðun. Keppt verður um bestu myndirnar.

Nemendur þurfa að koma með snjalltæki með myndavél, eða stafræna myndavél og tæki til að geta birt myndirnar á facebook síðunni.

Kennslugögn/undirbúningur/kostnaður: Nemendur þurfa að koma með snjalltæki með myndavél, eða stafræna myndavél og tæki til að geta birt myndirnar á facebook síðunni.

Kennari/leiðbeinandi: Anna Jóna Kristjánsdóttir

Heiti smiðju: Fjölmiðlar

Dagur: Þriðjudagur og miðvikudagur

Tími: öll smiðjutímabil fyrir hádegi báða dagana

Staður/stofa: stofa 3

Nemendafjöldi: Hámark 12 í hvorum hópi

Nemendafjöldi: 16

Markmið/stutt lýsing: Nemendum er leiðbeint við gerð dagblaðs ásamt öðru sem hægt er að vinna með í umbrotsforriti (e.publisher). Í lok Gróskudaga er stefnt að því að gefa út blað sem tileinkað verður því starfi sem fer fram á Gróskudögum. Í því verða m.a. viðtöl, blaðagreinar, spurning dagsins, auglýsingar o.fl. Nemendur taka einnig myndir af ýmsum viðburðum á Gróskudögum og síðast en ekki síst verða tekin upp myndskleið á myndbandupptökuvél sem sýnd verða við fyrsta tækifæri. Einnig verður farið í heimsókn á BB ef að tími gefst til og leyfi fæst til heimsóknar.

Í smiðjunni er boðið upp á vinnu með nýjustu tæki og tól hvað snertir ljósmynda- og myndbandsupptökuvélar, hljóðritunartæki (diktafónn) og tölvuforrit sem þarf varðandi klippingar á efni.

Kennslugögn/undirbúningur/kostnaður: eigið hyggjuvit og tölva

Kennari/leiðbeinandi: Emil Ingi Emilsson

Heiti smiðju: Tónlistarsmiðja

Dagur: Þriðjudag og miðvikudag

Tími: eftir hádegi báða dagana

Staður/stofa: stofa 3

Nemendafjöldi: 16

Markmið/stutt lýsing: Starfið í tónlistarsmiðjunni felst í því að njóta góðrar tónlistar og lagasmíðum. Nemendur geta komið með tónlist til að hlusta á. Þá er einnig gert ráð fyrir að þeir fái tækifæri til að semja sína eigin tónlist og/eða æfa lög til flutnings á sal.

Kennslugögn/undirbúningur/kostnaður: eigið hyggjuvit, hljóðfæri og tölva

Kennari/leiðbeinandi: Emil Ingi Emilsson

Smiðja: Rímnaflæði

Dagur: miðvikudagur

Tími: eftir hádegi

Staður/stofa: stofa 4

Nemendafjöldi: 15 nem.

Markmið/stutt lýsing: Nemendur vinna að samsetningu rímnaflæðis (rapp) um Menntaskólann á Ísafirði, námið eða kennara skólans. Textarnir verða að vera á Íslensku og að mestu frumsamdir við þekkt "rapplög". Markmið er að skapa skemmtilegt rímnaflæði og búa til myndband um hvert sköpunarverk (texta og flutning).

Leiðbeinandi: Ragnheiður Fossdal

Smiðja/stöð: Smámunasemi

Markmið/stutt lýsing: Markmiðið er að skoða ýmislegt lítið og sætt. Eitt af þeim tækjum sem MÍ getur boðið nemendum sínum er víðsjá. Víðsjáin stækka 20-200x og er unnt að skoða lífverur án þess að skaða þær. Auk þess húðina og ýmsa hluti með meiri nákvæmni en við erum vön. Bæði má taka myndir og myndbönd af smá-munum með tækinu. Víðsjár verða aðgengilegar í stofu 16 og geta nemendur komið með eigin sýni til skoðunar eða spreytt sig á að þekkja sýni sem eru á staðnum. Dregið verður úr réttum svörum í getraun um greiningu sýnanna. Ein verðlaun eru fyrir að greina uppruna 6 sýna eða 5000 kr inneign í sjoppu nemenda.

Leiðbeinandi: Ragnheiður Fossdal

Heiti smiðju: **Kvikmyndir**

Dagur: báða dagana

Tími: öll smiðjutímabil

Staður/stofa: fyrirlestrarsalur (kennslustofa ef hann er ekki laus)

Nemendafjöldi: Hámark 60 í hvorum hópi

Markmið/stutt lýsing: í þessari smiðju verður horft á klassíska kvikmynd með stuttum spurningum lagt fyrir áður en horft er á

Kennari/leiðbeinandi: Kristján Sigurðsson

Athugið að þessi smiðja verður aðeins ef að aðstæður eru til þess.

Heiti smiðju: Stoppistöð 1

Dagur: Þriðjudagur

Tími: 08:30 – 10:00

Staður/stofa: stofa 6

Nemendafjöldi: 20 nem.

Markmið/stutt lýsing: Í þessum tíma förum við í að uppræta leti. Það verður farið í langan göngutúr, mögulegt spjall á leiðinni. Talað um leti og ástæður fyrir því að við nenum ekki að gera hluti sem eru einfaldir eins og að fara með ruslið eða kíkja úti búð

Kennari/leiðbeinandi: Ingvi Ólafur Ingvason

Heiti smiðju: **Stoppistöð 2**

Dagur: þriðjudagur

Tími: 10:30 – 12:00

Staður/stofa: stofa 6

Nemendafjöldi: 20 nem.

Markmið/stutt lýsing: í þessum tíma verður farið í alls konar áreiti samt aðallega andleg áreiti. við ætlum að læra að þola að vera asnaleg í smástund. það er í lagi að klúðra en það er ekki í lagi að gefast upp. Í þessum tíma verða leikir og aðrir hlutir sem reyna á þor. Þorir þú ?

Kennari/leiðbeinandi: Ingvi Ólafur Ingvason

Heiti smiðju: Stoppistöð 3

Dagur: Þriðjudagur

Tími: eftir hádegi eða 13:00 – 14:30

Staður/stofa: stofa 4

Nemendafjöldi: 20 nem.

Markmið/stutt lýsing: Í þessum tíma er farið í að hrinda burtu þeirri þælingu um að við erum ekki öll listamenn eða leikarar eða bara hvað sem er sem við viljum vera. Við ætlum að finna hæfileika okkar og þroska þá með tímanum. Það er ekki 100% að þetta virki bara kviss bamm búmm eftir þennan tíma. Þetta verður svona stökkpallur í djúpu laugina.

Kennari/leiðbeinandi: Ingvi Ólafur Ingvason

Heiti smiðju: Umhverfissmiðja

Dagur: miðvikudagur

Tími: 08:30 – 10:00

Staður/stofa: stofa 4

Nemendafjöldi: 20 nem.

Markmið/stutt lýsing: Í smiðjunni verður kynntur og um leið ræddur sá vandi sem við gætum staðið frammi fyrir með súrnun hafsins umhverfis landið okkar.

Hvað væri til ráða? Eins um súrt regn áhrif þess í sambandi við gróður t.d í Evrópu. Er það orðið vandamál hér?

Einnig verður farið í þætti eins og flokkun rusls og hvað við getum gert sem einstaklingar til að stemma stigu við mengun.

Kennari/leiðbeinandi: Guðbjörn Páll Sölvason

Heiti smiðju: **Fast and furious**

Dagur: miðvikudagur

Tími: 08:30 – 10:00

Staður/stofa: íþróttahús

Nemendafjöldi: ótakmarkaður

Markmið/stutt lýsing:

Hefur þú þrek?

Hefur þú þor?

Hefur þú styrk?

Þá er þessi smiðja eitthvað fyrir þig.

Í þessari smiðju verður sett upp HELLJARINNAR þrautabraut.

Ákveðinn fjöldi af allskyns æfingum einsog að hoppa í dekk, lyfta dekki og fleira spennandi.

Tímataka.

Verðlaun fyrir besta tímann í drengja- og telþnaflokki 😊

og fleira spennandi. Þátttaka er sögu ríkari einsog einhver sagði.

Kennari/leiðbeinandi: Kolbrún

Heiti smiðju: Yndislestur - lestur og slökun

Dagur: Þriðjudag og miðvikudag

Tími: Þriðjudag (08:30 – 10:00 og 10:30 – 12:00)
Miðvikudag (08:30 – 10:00)

Staður/stofa: bókasafn

Nemendafjöldi: 15 – 20 nem.

Markmið/stutt lýsing: Í smiðjunni fá nemendur tækifæri til að lesa bækur og tímarit að eigin vali. Engir símar eru leyfðir í smiðjunni. Andrúmsloftið verður rólegt og afslappað, notaleg birta, kertaljós og róandi tónlist. E.t.v. verður boðið upp á eitthvað gott að maula með lestrinum.

Kennari/leiðbeinandi: Andrea

Heiti smiðju: Hönnun á kennsluumhverfi nemenda

Ath. að þeir sem velja þessa smiðju verða að vera í henni báða dagana og þá yfir öll smiðjutímabilin.

Dagur: báðir dagarnir

Tími: öll smiðjutímabil

Staður/stofa: verknámshús

Nemendafjöldi: 15 – 20 nem.

Markmið/stutt lýsing: Nemendur vinna í litlum hópum að skipulögðum verkefni sem öll ganga út á að gera kennslu umhverfi þeirra betra til frambúðar. Kennararnir skilgreina verkefnin en nemendur útfærsluna. Nemendur sem skrá sig í þessa smiðjur eru skuldbundnir til að skrá sig í hina smiðju tímana líka. Einn hópur vinnur yfir alla gróskudagana

Kennari/leiðbeinandi: Friðrik Hagalín Smáráson, Fannar Þór Þorfinnson og Jón Guðni Guðmundsson

Heiti smiðju: Kajak

Dagur: Þriðjudagur

Tími: 16:00 – 18:00

Staður/stofa: Kajak center

Nemendafjöldi: 6 nem.

Markmið/stutt lýsing: Nemendur mæta fyrst í kajak center þar sem farið verður yfir ýmis grunnatriði varðandi kajak róður og nauðsynleg öryggisatriði. Síðan hittir umsjónarmaður nemendur kl. 16 og verður farið í róður.

Leiga á kajak og göllum er kr 2500.

Kennari/leiðbeinandi: Nadja

Heiti smiðju: Ópelló borðspil

Dagur: miðvikudagur

Tími: 10:30 – 12:00

Staður/stofa: stofa 9

Nemendafjöldi: Hámark 6 manns

Markmið/stutt lýsing: nemendum kennt á ópelló og þeir fá einnig tækifæri til að spreyta sig í því

Kennari/leiðbeinandi: Nadja Sophia Teresa Widell

Heiti smiðju: Víkingaskák

Dagur: Þriðjudagur og miðvikudagur

Tími: 10:30 – 12:00 – báða dagana

Staður/stofa: stofa 7

Nemendafjöldi: 20 nem.

Markmið smiðjunnar er að kynna nemendum hinn einstaka heim víkingaskákarinnar. Farið verður yfir mannganginn og reglur víkingaskákar og að því búnu tefla þátttakendur hver við annan.

Umsjón: Jón Reynir Sigurvinsson

Gönguskiði

Báða dagana eftir hádegi.

Ath. að þeir sem vilja velja þessa smiðju eiga að hafa samband við smiðjustjóra eða senda honum póst stella@misa.is og tilkynna þátttöku þar.

Smiðjustjóri greinir ykkur nánar frá því hvar hópurinn hittist og nánari fyrirkomulagi smiðju.

Hámark - 15 nemendur

Skíðaganga er frábær valkostur í útivist/líkamsrækt. Smiðjan er jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna. Farið verður yfir helstu tækniatriði og óskráðar reglur í skíðagöngubrautum. **Smiðjan verður á Seljalandsdal en þar er hægt að leigja allan búnað fyrir 1500 kr.**

Umsjón: Stella Hjaltadóttir

Heiti smiðju: Sköpun

Dagur: Þriðjudagur

Tími: 08:30 – 10:00 og 10:30 – 12:00

Staður/stofa: stofa 10 - 11

Nemendafjöldi: 15 – 20 nem.

Nemendafjöldi: Ekkert hámark

Markmið/stutt lýsing: Nemendum gefnar frjálssar hendur á í sköpun á listaverkum. Þau geta meðal annars tengst einkennisorðum Gróskudaganna.

Kennari/leiðbeinandi: ýmsir

Heiti smiðju: Hryllingsmynd

Dagur: Þriðjudag og miðvikudag

Tími: 13:00 – 14:30

Staður/stofa: stofa 1

Nemendafjöldi: Hámark 15-20 manns

Markmið/stutt lýsing: Nemendum verður sýnd hryllingsmynd að vali Hildar.
Einungis hugrökkum nemendum ráðlagt að velja þessa smiðju.

16 ára aldurstakmark

Kennari/leiðbeinandi: Hildur

Heiti smiðju: Star Wars

Dagur: Þriðjudag og miðvikudag

Tími: 10:30 – 12:00

Staður/stofa: stofa 1

Nemendafjöldi: Hámark 15-20 manns

Markmið/stutt lýsing: Nemendur fræðast um Star wars myndirnar. Horft verður á sýnishorn úr myndunum og umræður um myndina á eftir sýningu.

Kennari/leiðbeinandi: Fjölur Ásbjörnsson

Heiti smiðju: Björgunarsveitin

Dagur: Þriðjudagur

Tími: 13:00 – 14:30

Staður/stofa: stofa 7

Nemendafjöldi: 20 nem.

Markmið/stutt lýsing: Nemendum verður sýnt ýmis tæki og tól sem björgunarsveitin notar. Einnig verður farið yfir sögu björgunarsveitar

Kennari/leiðbeinandi: Jóhann Ólafsson

Heiti smiðju: Samskiptaræktin

Dagur: miðvikudagur

Tími: 10:30 – 12:00

Staður/stofa: Stofa 8

Nemendafjöldi: 20 nem.

Markmið/stutt lýsing: Smiðjan er fyrir þá sem vilja í samskiptum sínum stuðla að heilsu, vellíðan og blómstrun hjá sjálfum sér og öðrum. Þú ert af tegundinni „manneskja“ sem samanstendur af andlegum og líkamlegum þáttum. Þetta líkamlega og andlega hefur ákveðna virkni, sem flokka má niður í hreyfingu, næringu, öndun, slökun, svefn, tilfinningar, hugsanir, skynjun, samskipti og fleira. Það hvernig þú ástundar þessa virkni þína, hefur beina tengingu við það hvernig heilsa þín þróast; hvort hún viðhelst, hrörnar eða eflist. Ef ástundunin hefur uppbyggileg áhrif, kallast það heilsurækt. Uppbyggileg samskipti er því ein af fjölmörgum tegundum heilsuræktar. Í smiðjunni færðu tengt þessu nánari útskýringar, þátttöku í umræðum, æfingar og fleira, sem getur orðið viðbót við það sem þú ert þegar að gera vel í samskiptum

Kennari/leiðbeinandi: Dögg Pálsdóttir

Heiti smiðju: Origami

Dagur: miðvikudagur

Tími: 13:00 – 14:30

Staður/stofa: Stofa 5

Nemendafjöldi: 20 nem.

Markmið/stutt lýsing: Hámark 10 manns Origami samanstendur af japönsku orðunum “ori”, sem þýðir að brjóta saman, og “kami” sem þýðir pappír. Origami pappírslistin hefur notið mikilla vinsælda síðustu, með réttum handtökum og smá skammti af þolinmæði er hægt að breyta pappír í sannkölluð listaverk. Leiðbeinandi smiðjunnar er Viviana Staiano.

Kennari/leiðbeinandi: Viviana Staiano

Heiti smiðju: Klæðskerasmiðja

Dagur: miðvikudagur

Tími: 08:30 – 10:00

Staður/stofa: Verksmiðjan

Nemendafjöldi: 8 nem.

Markmið/stutt lýsing: Gamalt verður nýtt. Lærum að gera upp gömlu fötin, hvernig á að klæðast jakkafötum, sníða þau og ýmislegt fleira

Kennari/leiðbeinandi: Kjartan klæðskeri og kjólameistari

Heiti smiðju: Yoga Nidra

Dagur: miðvikudagur

Tími: 13:00 – 14:30

Staður/stofa: 9

Nemendafjöldi: 15

Markmið/stutt lýsing: Nemendur verða að taka með sér teppi. Nemendur fá að æfa sig í slökunar yoga með leiðeiningum frá stjórnanda

Kennari/leiðbeinandi: Aðalheiður

Heiti smiðju: Rauði krossinn

Dagur: miðvikudagur

Tími: 10:30 – 12:00

Staður/stofa:Fyrirlestrarsalur

Nemendafjöldi: 60

Markmið/stutt lýsing: Nemendur fá að heyra um sögu og starf Rauða krossins frá starfsmanni

Kennari/leiðbeinandi:Bryndís Friðgeirsdóttir

Heiti smiðju: Gönguferð

Dagur: þriðjudagur og miðvikudagur

Tími: 08:30 – 10:00

Staður/stofa: mæting í anddyri skólans

Nemendafjöldi: 20

Markmið/stutt lýsing: farið verður í göngutúr um bæinn og mögulega stoppað á kaffihúsi

Kennari/leiðbeinandi: Jóhann Kristjánsson

Heiti smiðju: Bæjarmálin

Dagur: miðvikudagur

Tími: 10:30 – 12:00

Staður/stofa: Fyrirlestrarsalur eða stofa 6

Nemendafjöldi: 60

Markmið/stutt lýsing: Bæjarstjóri fer vítt og breytt yfir bæjarmálin og svarar fyrirspurnum nemenda.

Kennari/leiðbeinandi: Gísli Halldór Halldórsson

Heiti smiðju: Fablab

Dagur: þriðjudag og miðvikudag

Tími: þriðjudag (08:30 – 10:00 og 10:30 – 12:00) – miðvikudag (10:30 – 12:00 og 13:00 – 14:30)

Staður/stofa: Fablab

Nemendafjöldi: 12

Markmið/stutt lýsing: Fab lab býður í bío þar sem sýnd verður myndin Making, Living, Sharing eftir Jens Dyvik. Í myndinni kynnumst við hugmyndafræði Fab Lab og ólíkum smiðjum víða um heiminn. Leikstjórinn er frá Noregi en hann hefur komið víða að og lagt sitt að mörkum við að byggja upp ‘makers’ samfélagið. Eftir sýninguna verður vonandi tekið upp létt hjál um hvernig við getum notað okkar frábæru smiðju til að auðga vestfirskt samfélag. Hér er hægt að sjá trailer myndarinnar:

Kennari/leiðbeinandi: Doddi

Heiti smiðju: Kynfræðsla

Dagur: Þriðjudag

Tími: 13:00 – 14:30

Staður/stofa: fyrirlestrarsalur

Nemendafjöldi: 60

Markmið/stutt lýsing: Nemendur hlusta á fyrirlestur um kynfræðslu og fá tækifæri til að spyrja spurninga um þetta sívinsæla efni!

Kennari/leiðbeinandi: Ylfa Mist Helgadóttir

Heiti smiðju: Breytt hugsun, breytt líðan

Dagur: miðvikudagur

Tími: 13:00 – 14:30

Staður/stofa: fyrirlestrarsal

Nemendafjöldi: 60

Markmið/stutt lýsing: Auður hjúkrunarfræðingur kemur í heimsókn og á samtal við nemendur um breytta hugsun og hvernig hún getur bætt líðan fólks.

Kennari/leiðbeinandi: Auður Helga Ólafsdóttir

Heiti smiðju: Prjónakaffi

Dagur: Þriðjudag og miðvikudag

Tími: 13:00 – 14:30 báða dagana

Staður/stofa: Gryfjan

Nemendafjöldi: 15-20 nem.

Markmið/stutt lýsing: Nemendur prjóna eftir leiðsögn Elínar ritara. Verk nemenda verða sameinuð í eitt stórt lokaverkefni.

Kennari/leiðbeinandi: Elín Ólafsdóttir